



Námsáætlun í náttúrufræði 10. bekkur 2024 - 2025

Lýsing:

Að við lok unglingastigs:

- Geti nemendur gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf
- Geti nemendur tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk – og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
- Nemendur geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigs.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað
- Geti nemendur lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Geti nemendur aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Geti nemendur beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Geti nemendur skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta.
- Geti nemendur lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.
- Geti nemendur útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.
- Geti nemendur útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.

Kennsluaðferðir:

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu. Nemendur ljúka áætlun í náttúrufræði heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Eðlisfræði 2, Eðlisfræði 3, Maður og náttúra og efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af verkefnaskilum, ritgerð, kaflapófum, myndbandagerð, heimsasíðugerð og verkefnavinnu í tímum. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar : Bjarni Sævar Þórsson og Sigurlaug Hauksdóttir

Kennslustundir: 2 x 60 mínútur á viku.